

Ábendingar til „starfshóps um þjóðgarða og friðlýst svæði“ til að varpa ljósi á áskoranir vegna verndar, nýtingar og reksturs friðlýstra svæða á Íslandi.

19.10.2022

Snorri Ingimarsson

**Áheyrnarfulltrúi í stjórn
Vatnajökulsþjóðgarðs**

Efnisyfirlit

1.	Formáli	3
2.	Fögur fyrirheit	3
3.	Erfið staða í stjórn VJP	5
4.	Endurskoðun á Starfs- og siðareglum stjórnar og svæðisráða.	7
5.	Vandræðagangurinn á Vestursvæði	8
6.	Íþyngjandi ákvæði í lögum	8
7.	Langvarandi vandræðagangur með Stjórnunar- og verndaráætlun VJP	9
8.	Löng fæðing á atvinnustefnu	9
9.	Umdeilt veiðibann á austursvæði.	10
10.	Lokanir á vegslóðum sem eiga að vera opnir.	10
11.	Kostnaður virðist margfaldast með tilkomu þjóðgarðs	11
12.	Mistökin í Vonarskarði	12
13.	Dökkur skuggi hvílir yfir UNESCO skráningunni.	14
14.	Margt er óljóst í regluverkinu kringum VJP	14
	16.1. Skilgreining á Útivist.	14
	16.2. Skilgreining á náttúruvernd	15
	16.3. Hvað eru hefðbundnar nytjar ?	15
	16.4. Lög eru óljós varðandi stækkun þjóðgarða.	16
15.	Hver er upphafsstaðan ?	16
16.	Menningarminjar og vegslóðar.	17
17.	Opnun vega eftir vorlokanir	17
18.	Gjaldtaka	18
19.	Aðkoma félagasamtaka	18
20.	Þjóðgörðum fylgi ábyrgð	19
21.	Hæfir ekki þjóðgarði	19
22.	Valkvæð þörf á rannsóknum og samráði.	20
23.	Misræmi í ákvæðum vegna aksturs utan vega.	20
24.	Gögn varðandi löglegan akstur utan vega.	20
25.	Eftirmáli	21

1. Formáli

Ég hef setið í stjórn Þjóðgarðsins í 10 ár sem áheyrnarfulltrúi samtaka útivistarfélaga og mun meginefni minnar umsagnar snúast um hvernig hefur tekist til í VJP.

Bent hefur verið á að Þjóðgarður er ekki alvöru „þjóðgarður“ nema fólki finnist það eiga hlut í honum. Það hefur ekki gengið nægilega eftir í VJP. Skýrt dæmi er að ekki er gert ráð fyrir aðkomu sjálfbóðaliðasamtaka í vörslu eða umsjónar landsvæða eða rekstri fjallaskála í lögum um VJP. Tilvera þessara aðila í VJP hefur borið þess merki að stjórnendur hafa verið sama sinnis og lögin, sérstaklega framanaf. Í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð fengum við í undirbúningsvinnunni inn ákvæði sem milda þetta viðhorf.

2. Fögur fyrirheit

Í upphafi lofuðu stjórnámamenn sem mæltu fyrir stofnun VJP því að lítið myndi breytast í landnýtingu og hefðbundnum nytjum. VJP fór illa af stað að þessu leyti. Margir þeirra sem komu að mótnun VJP fyrstu árin sýndu í verki að þeir voru ekki á þeirri línu. Í framhaldinu voru framin óhæfuverk með stjórnlyndi og lokunum sem hefur gengið ótrúlega illa að vinda ofan af þrátt fyrir vilja fjölmargra sem síðar hafa starfað í stjórnkerfinu. Í viðleitni til að vinda ofan af slíkum óhæfuverkum hafa afhjúpast alvarlegir kerfisgallar í stjórnkerfi VJP.

Hér eru tvö dæmi um viðhorf aðila sem komu að stjórnkerfi VJP fyrstu árin:

- a. Hjörleifur Finnsson, sem síðar var fært mikið vald sem þjóðgarðsvörður, ritaði eftirfarandi árið 2009 í umsögn um Vonarskarð:

Önnur rök

Mjög litlar breytingar, ef nokkrar, urðu á landnotkun, við friðlýsingu Vatnajökulsþjóðgarðs. Ekki eru líkindi til að róttækar breytingar verði á því með nýrri Verndaráætlun. Ef náttúruverndarfólk, heima og erlendis, fær það á tilfinninguna að ekkert breytist við friðlýsinguna er stór hluti af verkefninu um „Vatnajökulsþjóðgarð“ misheppnaður. Hvar í Vatnajökulsþjóðgarði ætti að taka af skarið og sýna að Vatnajökulsþjóðgarður er kominn og að hann sé í alvörunni annarstaðar en í Vonarskarði? Vonarskarð fjallar því einnig um trúverðugleika garðsins út á við.

Tekið saman af Hjörleifi Finnssyni í nóvember 2009.

b. Þjóðgarðsvörður ritað í tölvupósti 22.10.2012:

..... „Varðandi akstursleið með bakka Langasjávar.“„Leið um Hellnafjall“

..... „Ég hef átt mjög erfitt með að gera upp hug minn í þessu máli. Ef ég væri einn í heiminum, með náttúruverndarlögin og þjóðgarðaskilgreiningar IUCN, mundi ég ekki hita við að loka báðum leiðum. Á hinn bóginn er til mikils að vinna að bæta samkomulag við f4x4 svo almenningsálitið snúist betur á sveif með þjóðgarðinum og öll orka stjórnar haldi ekki áfram að fara í þessa togstreitu. Ég held að allt muni fara í háalof eftir stjórn t.d. ákveður að loka báðum leiðum.“

.....
„Líklega væri best að samþykkja þessar tillögur sem bráðabirgðafyrirkomulag sem verði endurskoðað eftir nokkur ár þegar þjóðgarðurinn hefur fest sig betur í sessi.“

Hér leggur valdamikill embættismaður í VJP á ráðin um að sýna jákvæðni í byrjun en bíða með hnífinn fyrir aftan bak þangað til þjóðgarðurinn hefði fest sig betur í sessi. Skýrari viðvörðun er vart að finna gegn um frekari útpenslu svona þjóðgarða.

Að mínu mati hefur verið farið hafi verið umfram vilja löggjafans og fyrirheit í aðdraganda stofnunar VJP í stjórnlyndi og lokunum. Sem dæmi má nefna að ég rakst á greinargerð frá verkfræðistofunni Alta sem hefur unnið mikið fyrir VJP þar sem fram kom textinn „í samræmi við stefnu um fækkun vega“. Ég spurði þáverandi framkvæmdastjóra hver hefði mótað þessa stefnu og hvað það væri skjalfest. Í svari hans kom fram að það hefði ekki verið gert formlega, heldur hefði stefnan orðið til í meðförum þeirra sem komu að vinnu við stjórnunar og verndaráætlunina. Þeir sem komu að þeirri vinnu tóku sér sem sagt það vald að marka stefnu sem hefur reynst mjög íþyngjandi fyrir þá sem njóta hálandisins.

Ég hef velt fyrir mér hvað VJP er í raun: Er VJP „byggðastofnun“ eða „þjóðgarður“. Ég hef stundum haft á tilfinningunni að VJP virki eins og byggðastofnun sem er dulbúin sem þjóðgarður.

Í 2. gr laga um VJP eru eftirfarandi ákvæði:

2. gr. Markmið verndunar.

Markmið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að:

1. Vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
2. Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins.
3. Stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.

4. Leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Mér hefur fundist of stór hluti af stjórnun VJP snúist um lið 4 og að áhugi sveitarfélaganna snúist of mikið um sama lið (4). Sem dæmi má nefna að við umdeilda stækkun í Bárðardal var aldrei minnst á náttúruvernd á íbúafundi um málefnið, öll rök sveitarstjórnarmanna fyrir stækkun voru hagur af „byggðastofnunarhlutverki“ VJP.

Meðal annara dæma má nefna hunsun vestursvæðis á fyrirmælum stjórnar árið 2021 um aukna verndun á viðkvæmu svæði.

3. Erfið staða í stjórn VJP

Upp hafa komið mjög erfið tímabil í stjórnun VJP og í rauninni má segja að stjórnunarástand hafi ráðist mjög af þeim persónum sem þar sitja hverju sinni. Þetta er slæmt vegna þess að VJP hefur mikið sjálfstæði miðað við þau miklu völd sem þjóðgarðurinn hefur. Sem dæmi má nefna að það tók Umhverfisráðherra tvö ár að grípa í taumana þegar framganga stjórnenda fór algjörlega úr böndunum 2017 til 2018.

Nota má þá líkingu að VJP er eins og „ríki í ríkinu“ og þá eru lögin og reglugerðin um VJP stjórnarskráin. Til stuðnings eru svo starfsreglur og siðareglur stjórnar. Það skapar mjög rúman ramma fyrir svo valda- og áhrifamikla stofnun en er um leið lítil vernd fyrir þá einstaklinga sem koma að stjórnkerfinu (stjórn og svæðisráð). VJP er þannig ríflega „armslengd“ frá ráðherra sem hefur of lítil tök þegar á þarf að halda eins og dæmin sanna.

Rekstur VJP hefur gengið betur síðustu 5 ár heldur en árin á undan. Með tilkomu öflugri framkvæmdastjóra og stjórnarformanns samhliða meiri skilningi af hálfu ráðuneytisins hefur fjárhagsleg afkoma reksturs verið í samræmi við lög. Þó að ég þekki af eigin raun að viðsnúningurinn gekk mjög vel undir daglegri stjórn nýs framkvæmdastjóra þá bendi ég á að reksturinn er núna eins og sjálfsagt þykir í sambærilegum stofnunum. Ég vara við því að túlka þessa jákvæðu niðurstöðu með þeim hætti að þar með sé ráðlegt að hafa VJP óbreyttan eða jafnvel stækka hann. Fjölmargir aðrir þættir skipta þar meira máli.

Með nýjum stjórnarformanni og nýjum framkvæmdastjóra fyrir um 5 árum varð mikil breyting á starfsumhverfi og tekist hefur að ná góðu og öflugum starfsfólki til liðs við VJP. Starfsfólk sem brennur fyrir viðfangsefnum sínum. Þó þarf að gera enn betur og til dæmis er of algengt að starfsfólk fari í veikindaleyfi vegna mikils álags. Nú er leitað að nýjum framkvæmdastjóra og

miðað við hvað umskiptin fyrir 5 árum eru að miklu leyti verk framkvæmdastjórans er ástæða til að óttast að sú vegferð missi flugið.

Yfirstjórnin VJP (stjórn og svæðisráð) er hins vegar ekki eins markviss. Margt hefur breyst til betri vegar og ég tel störf stjórnar undir stjórn núverandi stjórnarformanns með aðstoð framkvæmdastjóra vera að mörgu leyti með ágætum. Skipulag og umgjörð er orðin til fyrirmyndar, sem er mikil breyting frá því sem áður var á köflum.

Svæðiráð eru hins vegar mismunandi og segja má að þau eru jafn ólík og þau eru mörg. Allt frá því að vera til fyrirmyndar yfir í að hafa verið nánast óstarfhæf. Flestir fulltrúar SAMUT í svæðisráðum hafa þó kvartað yfir einhverjum atriðum við sitt bakland.

Stór vandi er að fólki er safnað saman í svæðisráð og stjórn án þess að fá leiðbeiningar um hlutverk sitt, skyldur eða valdsvið. Í stjórn og svæðisráðum eru nú alls 66 manns (9 í stjórn og 6 í fjórum svæðisráðum sem gerir samtals 33 eða 66 með varamönnum) þannig að það er talsverður hópur sem hefur fengið mikið vald í að mínu mati of lítið „regluðu“ umhverfi.

Valdsvið er óljóst og fram hafa komið mismunandi túlkningar á því. Fyrir liggur að aðrir en sveitarstjórnarfulltrúar eru „skipaðir“ í starfið svipað og embættismenn og þurfa þannig að styðjast við lög í ákvörðun og vera tilbúnir að rökstyðja þær. Hins vegar hefur sveitarstjórnarfólks túlkað sína stöðu þannig að þau eru kjörnir fulltrúar og geti því farið eftir eigin sannfæringu án þess að þurfa að rökstyðja hana. Ekki eru allir sammála um þessa túlkun og þetta er eitt af dæmum um óljósan lagaramma. Þetta samhliða þekkingarleysi fólks í stjórnkerfinu er óþægilega staða sem hefur valdið vandræðum í meðferð erfiðra mála og hefur að mínu mati valdið duttlungastjórnun.

Staða fulltrúa SAMUT er að mörgu leyti vandmeðfarin í þessu stjórnkerfi. Sérstaklega þegar það er rekið með þeim annmörkum sem taldir eru upp hér fyrir framan. Fulltrúar SAMUT eiga margt undir þeim sem ráða og hafa þurft að kyngja ýmsu til að skaða ekki aðra hagsmuni. Þessu má líkja við það að spila spil gegn valdameiri aðila og vera ekki í aðstöðu til að svara fyrir sig eða leita réttar síns þegar sá valdameiri tekur einn og einn slag með smá svindli.

Dæmi eru um yfirgang og að svarað sé með skætingi. Get dregið fram nokkur dæmi sem sýna það. Við þurfum að hafa í huga að fólk sem tekur að sér svona störf fyrir sjálfboðaliðasamtök hefur fæst reynslu af stjórnsýslu, lögfræði eða refsakák stjórnmalanna. Full þörf er á meiri stuðningi innan stjórnkerfisins.

Ég hef stundum náð að nýta mér góða aðstoð lögfræðinga ráðuneytisins varðandi stjórnsýslu en þessi aðstoð þyrfti að vera sýnilegri gagnart fulltrúum almennings í stjórnkerfi VJP. Einnig má nefna að engin eineltisstefna er til staðar fyrir stjórn og svæðisráð á sama hátt og fyrir starfsfólk. Reynslan sýnir þó að full þörf er á því. Slík mál eru tilefni til sérstakrar rannsóknar svo koma

megi í veg fyrir að þannig atburðir gerist aftur. Ég tel í rauninni glórulaust að stækka svona „ríki í ríkinu“ nema fyrir liggi varanleg lausn gegn svona vandamálum. Þegar við horfum til baka sjáum við að við höfum þurft að eyða margfalt meiri tíma á að fást við slæma stjórnarsýslu í ýmsum myndum heldur en fjalla um efnisleg málefni sem tengjast náttúrvernd eða almannarétti.

Staða fulltrúa SAMUT sem áheyrnarfulltrúa í stjórn hefur valdið talsverðum vandræðum. Frá upphafi hefur fulltrúi SAMUT verið án atkvæðisréttar til að tryggja að sveitarstjórnarfólkið hafi ávallt meirihluta atkvæðamagns í stjórninni (4 sveitarstjórnarmenn á móti 3 (formaður + varaformaður + fulltrúi samtaka sem kenna sig við náttúruvernd)). Margítrekað hefur verið að áheyrnarfulltrúar séu í raun hluti af stjórninni með þeirri einu undantekningu að þeir hafi ekki atkvæðisrétt. Það er þó ekki til skriflegt með jafn afgerandi hætti og það hefur verið rætt. Vandræðin felast í því að þessi staða hefur verið notuð á ljótan hátt gegn fulltrúa SAMUT og á tímabili þurfti fulltrúi SAMUT að hafa mikið fyrir því að vera ekki beinlínis skrifaður út úr stjórninni í skjölum þjóðgarðsins. Staða svona áheyrnarfulltrúa er því mun veikari þegar á reynir heldur en til stóð í upphafi.

Dæmi er um að reglan um að gögn skuli berast 2 dögum fyrir stjórnarfund hafi verið brotin gegn fulltrúa SAMUT og þar með tekið frá okkur tækifæri til að bregðast við á viðeigandi hátt. Það var til dæmis þegar vinnuhópur lagði fram tillögu að mikilvægu skrefi í Vonarskarðsferlinu svokallaða. Fulltrúi SAMUT sá tillöguna fyrst á stjórnarfundinum þann og gat ekki ráðfært sig við baklandið varðandi mikilvæg atriði sem þar komu fram. Þetta er skýrt dæmi um það hvernig valdhafar í VJP hafa að okkar mati haldið SAMUT með óeðlilegum hætti frá beinni aðkomu að þessu ferli.

4. Starfs- og siðareglur stjórnar og svæðisráða.

Stjórn setti sér starfs- og siðareglur 2017. Lögfræðingur VJP hefur unnið undanfarið ár að endurskoðun á þessum reglum.

Við í SAMUT höfum haft athugasemdir við þessar reglur og ég hef komið þeim á framfæri á ítarlegum og góðum fundi með framkvæmdastjóra.

Í siðareglum stjórnar eru ákvæði sem fulltrúar SAMUT telja vera hamlandi og þurfi að ræða betur.

Í 1. grein segir „Sömu siðareglur gilda fyrir áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamenn þeirra eins og fyrir stjórnarmenn. Til einföldunar er hér fyrir aftan aðeins talað um stjórn og stjórnarmenn en þá er átt við reglur sem einnig gilda fyrir áheyrnarfulltrúa, þó að þeir séu í raun ekki hluti af stjórn.“ Þetta með að áheyrnarfulltrúar séu ekki hluti af stjórn

stangast á við margítrekaðar fullyrðingar þess efnis að áheyrnarfulltrúar séu í raun hluti af stjórninni með þeirri einu undantekningu að þeir hafi ekki atkvæðisrétt.

Annað dæmi er í 2. Grein: „Stjórnarmenn forðast að hafast nokkuð að sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Vatnajökulspjóðgarð.“ Í setningunni felst þessi merking: „Stjórnarmenn forðast að hafast nokkuð að sem ... varpað getur rýrð á ... Vatnajökulspjóðgarð.“ Fulltrúar SAMUT hafa verið minntir á þetta ákvæði í óformlegum samtölum. Þetta ákvæði er óþægilega hamlandi hjá aðilum sem eru settir í stjórnkerfið til að gæta hagsmuna síns baklands gagnvart þjóðgarðinum. Í þessu samhengi hefur því sjónarmiði verið haldið oftar en einu sinni á lofti að fulltrúar útivistarféлага og ferðaþjónustu séu í því hlutverki að styðja við hag þjóðgarðsins og skyldu haga sér í samræmi við það. Hér er enn eitt dæmið um það að staða aðila er óljós og túlkuð á mismunandi hátt

5. Vandræðagangurinn á Vestursvæði

Stjórnsýsla á Vestursvæði hefur verið með þeim hætti undanfarin ár að nær væri að fram færi óháð rannsókn á starfseminni frekar en að íhuga stækkun á svona stofnun. Ég vísa þessu til stuðnings til fundargerða svæðisráðsins undanfarin ár.

Læra má mikið af stjórnun vestursvæðis undanfarin ár og eru þau málefni allt of viðamikil fyrir þessa greinargerð. Í ítreka þá skoðun mína að glórulaust er að halda áfram með þjóðgarðavæðingu eða að festa á annan hátt framtíðarfyrirkomulag verndurnar og nýtingar á hálendinu nema þessi sorglega saga verði krufin alla leið af óháðum aðila.

6. Íþyngjandi ákvæði í lögum

Í lögum um VJP leynist ákvæði sem er íþyngjandi fyrir útivistarfolk en hefur ekki verið beitt ennþá. Það er ákvæðið í 15 gr. sem hljóðar svo: „Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulspjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jökulum og á leyfðum vetraraksturssvæðum, sbr. [6. mgr.], svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.“

Með orðunum „leyfð vetraraksturssvæði“ er verið að fara inn á þá leið að allt sé bannað nema það sem er sérstaklega leyft. Það er slæm breyting frá því sem almennt er tíðkað við stjórnun á hálendinu. Við gerðum athugasemd við þetta í aðdraganda frumvarps um hálendisþjóðgarð og þetta ákvæði var ekki þar. Við teljum því mikilvægt að tilvísun í „leyfð vetraraksturssvæði“ verði felld út áður en þjóðgarðurinn hefur „fest sig svo í sessi“ að valdahaifar þar leggi í að beita þessu gegn okkur.

7. Langvarandi vandræðagangur með Stjórnunar- og verndaráætlun VJP

Illa hefur gengið að uppfæra Stjórnunar og verndaráætlun þjóðgarðsins. Til skamms tíma var gildandi útgáfa frá árinu 2013 og því 9 ára gömul. Reynt var að uppfæra skjalið með mikilli og góðri vinnu stjórnar 2015 en það dagaði uppi við stjórnarskipti hjá VJP og ný stjórn ákvað að vinna skjalið aftur. Til að gera langa sögu stutta, þá fór sú vinna að miklu leyti úr böndunum, að mínu mati vegna óstjórnar. Á endanum var ný útgáfa lögð fram til kynningar 2018. Við höfðum varað ráðherra formlega við því að þetta stefndi illa. Umhverfisráðherra brást ekki við og skjalið „floppaði“ svo algjörlega í kynningunni enda var það unnið með þeim hætti að í því voru villur og íþyngjandi ákvæði sem höfðu ekki verið samþykkt hjá stjórn og svæðisráði. Fróðlegt væri að fjalla betur um framhald þessa máls og nær algjöra þögn í stjórnkerfi VJP um þetta skjal eftir „floppið“.

Í ítreka aftur þá skoðun mína að glórulaust er að halda áfram með þjóðgarðavæðingu eða að festa á anna hátt framtíðarfyrirkomulag verndunar og nýtingar á hálendinu nema þessi sorglega saga verði krufin alla leið og kynnt af óháðum aðila svo draga megj af því einhvern lærdóm.

8. Löng fæðing á atvinnustefnu

Nauðsynlegt er að fara vel yfir það hvernig hefur gengið að koma saman atvinnustefnu fyrir VJP. Þessi vinna hefur tekið að ég held næstum 10 ár og henni er ekki enn að fullu lokið. Fyrir því tel ég vera nokkrar ástæður. Í fyrstu var uppleggið að skapa umgjörð fyrir útdeilingu takmarkaðra gæða og starfsumverfi þeirra sem stunda atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Að mínu mati kom eftir langan tíma fram skjal sem er með miklum texta en þó náði

ekki utan um viðfangsefnið. Síðustu ár hefur vinnan snúist meira um að ná tókum að gjaldtöku í VJP. Ég tengslum við það hefur þurft að breyta reglugerð og lagaumhverfi. Meginvandann tel ég vera að þarna var VJP settur í hálf vonlausa stöðu með því að vera falið að móta þessa umgjörð sem hefði átt að móta í stærra samhengi fyrir allt landið og mótunin hefði átt að fara fram nær löggjafarvaldinu vegna þess að taka þurfti margar stefnumarkandi ákvarðanir sem eru miklu meira pólitískar heldur en faglegar út frá sjónarhóli þjóðgarða.

9. Umdeilt veiðibann á austursvæði.

Í fyrstu Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins tók hann sér það vald að stýra veiðum innan þjóðgarðsmarka með umdeildu veiðibanni við Snæfell. Eftir 10 ára baráttu á málefna grunninu fengu veiðimenn lögmenn í ársbyrjun 2022 til að sýna Umhverfisstofnun fram á að veiðibannið stæðist varla lög. Til að fá hreyfingu á málið upplýstu þeir um fyrirætlan einhverra um að láta reyna á bannið með veiðum innan þjóðgarðs næsta haust. Þar með yrði tekist á um lögmæti bannsins fyrir dómstólum. Veiðimenn fullyrða að þessi nýja nálgun varð til þess að 10 ára kyrrstaða var rofin í snatri. En í stað þess að fella niður veiðibannið var sett upp einskonar samráðsferli þar sem aflað var umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og fleiri. Eftir mikla vinnu varð niðurstaðan sú sem veiðimenn lögðu upp með í byrjun, veiðibannið var fellt niður. Samhliða var ákveðið að fram færi rannsókn á áhrifum veiðibannsins sem er nokkuð „skondið“ vegna þess að svipuð ákvörðun var gerð þegar veiðibannið var sett á fyrir 10 árum. Þeirri ákvörðun var aldrei fylgt eftir. Eftir að veiðibanninu var aflétt hafa klingt í eyrum mínum kvartanir yfir að þetta „samráð“ hafi verið svo tímafrekt og dýrt. Ég velti fyrir mér hvers vegna þjóðgarðurinn kvartar svona mikið yfir þessu þar sem þetta ferli var þeirra ákvörðun. Veiðimenn bentu á mun ódýrari leið, sem var einfaldlega að fella veiðibannið niður á grundvelli þess að það stæðist ekki lög. Þar hefði verið hægt að spara talsverða fjármuni.

10. Lokanir á vegslóðum sem eiga að vera opnir.

Dæmi eru um að vegslóðum sem eiga að vera opnir samkvæmt Stjórnunar- og verndaráætlun hefur verið lokað. Lokunin var gerð vegna þess að umferð um þessa vegslóða myndi valda náttúruspjöllum og engar deilur eru um það. Hins vegar teljum við augljóst að stjórnendur þjóðgarðsins hafa forgangsraðað fjármagni þannig að ekki eru til fjármunir til lagfæringar á tiltöluleg stuttum köflum á þessum vegslóðum þannig að forsvaranlegt væri að hafa þá opna. Þetta tengist að hluta stærra vandamáli sem birtist þannig að þegar svæði

verður að þjóðgarði, þá er eins og allir sem áður sinntu lágmarksviðhaldi á vegslóðum kippi að sér hendinni. Þetta hefur verið rætt án niðurstöðu. Í seinni tíð, eftir áralanga gagnrýni veiðimanna sem hafa hag af tilvist þessara tilteknu vegslóða, hefur verið sótt um fjármagn úr fjallvegaskjóði til að sinna viðhaldi á þessum tilteknu vegslóðum. Með þeim framlögum sem þaðan hafa komið mun þó taka nokkur ár að koma þeim í viðunandi ástand. Nauðsynlegt er að koma þessum málefnum í fastan og fyrirsjáanlegan farveg áður en rætt verður um frekari stækkun þjóðgarða.

11. Kostnaður virðist margfaldast með tilkomu þjóðgarðs

Gott aðgengi almennings að hálendinu er komið til af nokkrum þáttum. Þar má telja brýr yfir vatnsföll sem sumar eru tilkoman vegna virkjana á hálendinu. Stærri þáttur er mikil vinna sjálfboðaliða við byggingu og viðhaldi skála á hálendinu. Svo má nefna þátt sveitarfélaga í uppbyggingu gangnamannaskála sem einnig hafa nýst almennings og stóran þátt sveitarfélaga í viðhaldi vegslóða, reiðstíga og gönguleiða. Með tilkomu VJP hefur þetta breyst mikið. Ég tel augljóst að þessi aðkoma sjálfboðaliða hefur ekki verið sjálfsögð í VJP þó að aðeins hafi horft til betri vegar upp á síðkastið. Reynslan sýnir að mjög dýrt er að byggja aðstöðu fyrir ferðafólk á hálendinu þegar vinna sjálfboðaliða er ekki í myndinni.

Ég get nefnt mikinn kostnað við byggingu salerna við Snæfells skála á sama tíma og ekki var sett króna í nauðsynlegt viðhald á Sauðakofaleið sem er þar í næsta nágrenni.

Annað dæmi er að Ferðaklúbbnum 4x4 hefur ekki tekist að fá leyfi til að stíka ferðaleiðir innan VJP á sama hátt og félagið hefur gert árum saman utan þjóðgarða í samvinnu við Umhverfisstofnun. Fyrir nokkrum árum lagðist þjóðgarðsvörður gegn því að F4x4 stíkaði leiðina yfir Breiðbak. Nýlegt samtöl benda þó til þess að þarna horfi til mun betri vegar í samvinnu en þó er staðan sú að F4x4 hefur ekki fengið að reka niður eina stíku innan VJP enn sem komið er. Með núverandi lögum er svo engin trygging fyrir því að næstu stjórnendur VJP verði jákvæðir gagnvart svona aðkomu sjálfboðaliða í VJP.

Nauðsynlegt er að mörkuð verði skýr stefna um stöðu og hlutverk „samtaka sem byggja á sjálfboðaliðum“ og sveitarfélaga í þjóðgördum. Glórulaust er að stækka þjóðgarða meira áður en þessi málefni liggja fyrir með skýrum hætti.

12. Mistökin í Vonarskarði

Að sumra mati er lokunin á Vonarskarði fyrir vélknúinni umferð stærstu mistökin sem þjóðgarðurinn hefur gert. Þetta hefur meðal annars komið fram hjá fyrrverandi stjórnarformanni, Hjalta Þór Vignissyni.

Svæðisráð vestursvæðis hafði komist að þeirri málamiðlun að akstursleiðin um Vonarskarð verði opin að hausti, eða eftir 1. september. Lokunin var svo gerð einhliða af hálfu stjórnar sem valtaði yfir ákvörðun svæðisráðsins með ákvörðun sem var ekki rökstudd efnislega. Bara einföld atkvæðagreiðsla innan stjórnar. Það stenst ekki anda laga sem kveða á um að íþyngjandi ákvörðunum skuli fylgja rökstuðningur. Síðan má segja að fjandinn hafi verið laus.

9 ár er síðan Sigurður Ingi, þáverandi umhverfisráðherra, fyrirskipaði endurskoðun á málefnum Vonarskarðs, þar á meðal þessu akstursbanni. Illa hefur gengið að fá þjóðgarðinn til að fara að þessum fyrirmælum.

Þegar núverandi stjórnarformaður tók við fyrir um 3 árum var reynt að blása lífi í þetta ferli. Svæðisráði Vestursvæðis var falið að afla umsagna, bæði frá völdum aðilum og einnig frá almenningi. Ekki var þó skilgreint fyrirfram hvernig yrði unnið úr þessum gögnum og mér er ekki kunnugt um að efnisleg úrvinnsla hafi verið gerð eftir þessa vinnu, einungis lausleg samantekt eða flokkun.

Að frumkvæði stjórnarformanns var haldinn samráðsfundur í Hrauneyjum fyrir rúmum 2 árum þar sem farið var yfir lokunina í Vonarskarði. Að mínu mati voru efnisleg rök sem fram komu mun sterkari fyrir opnun heldur en lokun. Rök sem lögð voru fram fyrir lokun voru meira tilfinningalegs eðlis. Ekkert er mér vitanlega til skriflegt frá þeim fundi. Margir hafa lagst á eitt um að þvælast fyrir þessu ferli og skemma það. Í stuttu máli hefur það tekist bærilega hjá þeim. Aðferðirnar sem flestar beinast að því að koma í veg fyrir efnislega og málefnalega umfjöllum og viðbrögð stjórnenda VJP hverju sinni eru efni í sérstaka umfjöllun.

Í stuttu máli sannar þetta að VJP hefur ekki yfir að ráða ferli sem leiðir svona deilumál til lykta. Full þörf á að kryfja þetta ferli til botn frekar en að stækka svona stjórnvald.

Fyrir um 18 mánuðum barst stjórn þjóðgarðsins bein hótun lögmans um málaferli verði akstursbannið dregið til baka og með því fylgdi rökstuðningur lögmansins þess efnis að ólöglegt væri að opna gömlu ökuleiðina á ný. Lögmaður SAMUT lagði fram rökstuðning fyrir því að hótunin væri byggð á

rangri lagatúlkun. Í stað þess að greina efnislega þessi lögfræðialit var í umræðum innarn stjórnar talað um eitt álit á móti einu, eins og þetta væri einskonar keppni um að leggja fram fjölda lögfræðialita með og á móti. Stjórn þjóðgarðsins lét svo undan hótuninni og óskaði eftir túlkun ráðuneytisins á því hvernig bæri að skilja lögin sem þjóðgarðurinn þarf að vinna eftir. Núna, eftir 18 mánuði, hillir undir erindi frá lögfræðiteymi ráðuneytisins á þessum lagafækjum. Þetta hlýtur að vera verulega snúið því ekki ætlum við þeim að hafa „dregið lappirnar“ viljandi við að svara þessari mikilvægu fyrirspurn þjóðgarðsins. Niðurstaðan er því að lagaumhverfi VJP er svo flókið að ekki verður við það unað.

Baráttan í VJP um málefni Vonarskarðs innan VJP snýst því ekki um efnisatriði eins og rök með eða á móti lokun. Baráttan snýst um að fá VJP til að fjalla um efnisatriði og rök. Þeir sem vilja halda Vonarskarðinu lokuðu vilja ekki slíkt samtal vegna þess að efnisleg athugun leiðir óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að þess skuli vera opið. Ég hef kallað eftir rökum fyrir lokun en þau hafa ekki verið lögð fram fram. Bara vísað í að þetta er lokað, lagðar fram rangar og auðhrekjanlegar staðreyndir, lagðar fram villandi upplýsingar þar sem staðreyndir eru togaðar á ystu nöf með þeim hætti að sumir myndu tala um lygar, vitnað í skýrslu þar sem farið er rangt með staðreyndir og svo mætti telja áfram. Við höfum lagt fram efnisleg og ítarleg rök fyrir opnun. Ekki hefur verið bent á eitt einasta orð þar sem „lokunarsinnar“ telja rangt með farið, hártogað eða misskilið. Þeir sem vilja halda Vonarskarðinu lokuðu vilja því augljóslega ekki ræða þetta efnislega.

Með þetta í huga tel ég vera glórulaust að halda áfram að stækka svona stjórnvald. Frekar ætti að draga það saman eða draga verulega úr völdum þess.

13. Dökkur skuggi hvílir yfir UNESCO skráningunni.

Það hvílir dökkur skuggi yfir UNESCO skráningunni vegna þess að ítrekað hefur verið reynt að misnota skráninguna til að rökstyðja akstursbann í Vonarskarði. Þar hafa stjórnendur svæðisráðs vestursvæðis verið sérstaklega forhertir eins og sést vel í fundargerðurm svæðisráðsins. Nú er staðan þannig að algjör vitleysa er sett fram eins og staðreynd í fundargerðum svæðisráðsins. Fundargerðirnar eru birtar opinberlega og liggja á heimasíðu þjóðgarðsins. Enginn í stjórnkerfi VJP hefur lyft fingri til að reyna að leiðrétta þessar rangfærslur. Þannig er eins og sumt fólk láti sér vel líka þegar rangt er farið með í málefnum þegar þeim er það þóknanlegt. Þeir sem lesa fundargerðirnar og vita ekki betur og fá þannig ranga mynd og gætu talið að þarna væru góðar og gildar staðreyndir. Þetta er dæmi um það hversu erfitt er fyrir þá sem hallað er á að ná fram rétti sínum í svona þjóðgarði.

Hjá UNESCO kom fram á kynningarfundum að UNESCO myndi ekki skipta sér af því hvort opin væri ökuleið gegnum Vonarskarð. Hins vegar gerði UNESCO skýrar kröfu um að þjóðgarðurinn hefði yfir að ráða ferli til að leiða svona álitamál til lykta á lýðræðislegan hátt. Framangreint sýnir á ótvíræðan hátt að svo er ekki. Spyrja þarf hvort UNESCO skráningin hafi verið fengin á fölskum forsendum.

14. Margt er óljóst í regluverkinu kringum VJP

16.1. Skilgreining á Útivist

Skilgreiningar á útivist eru á reiki. Er útivist með aðstoð vélknúinna tækja útivist í augum allra? Í frumvarpinu um miðhálandisþjóðgarð er texti sem bendir til þess að svo sé ekki í augum þeirra sem lögðu það fram. Meðal þeirra sem standa að samtökum útivistarfélaga, SAMUT, eru mörg félög um útivist með aðstoð vélknúinna farartækja, bæði yfirbyggðra og opinna. Þessi samtök eru viðurkennd af yfirvöldum, þeim sömu og lögðu fram framangreint frumvarp þar sem skilja má að stór félög innan SAMUT séu ekki útivistarsamtök. Þegar ég spurði umhverfisráðherrann sem lagði framangreint frumvarp fram um þetta atriði á fyrsta kynningarfundum hans á frumvarpinu hjá VJP svaraði hann með útúrsmúningi og hálf misheppnuðu gríni að við værum vissulega úti ef við værum „pickupum“ og „á pallinum“. Tvískinningurinn er mjög mikill þarna. Ég skilgreini „útivist“ þannig að útivist með aðstoð

vélknúinna ökutækja rúmist þar. En ég hef heyrt aðra túlkun, meðal annars á vettvangi VJP og þar hefur verið reynt að nota þetta gegn okkur. Ég tel líklegt að þessi tvískinningur stafi af því að „vételarlausá“ skilgreiningin sé sterk í hugum þeirra sem kalla mætti „þjóðgarðasinna“ en þau hafa ekki hátt um það til að glata ekki stuðningi þeirra stóru hópa sem stunda útivist með aðstoð vélknúinna faratækja. Markmiðið sé svo að herða að þegar þjóðgarðar hafa „fest sig í sessi“. Þess vegna er farið kringum þetta eins og heitan graut í bili og það gengur ekki. Nauðsynlegt er að taka ærlega (og heiðarlega) umræðu um þetta áður en lengra er haldið í þjóðgarðavæðingu.

16.2. Skilgreining á náttúruvernd

Ég sakna þess að sjá ekki skýra skilgreiningu hugtakinu „náttúruvernd“. Túlkunin á þessu gildishlaðna orði, sem svo margir skreyta sig með, er mjög á reiki. Svo virðist sem ákveðin hentistefna ríki þarna og sem dæmi má nefna að fólk á erfitt með að útskýra fyrir mér hvort náttúruvernd sé til að verja náttúruna fyrir mannum eða til að verja hana handa mannum. Niðurstaða sumra er að við þurfum að verja náttúruna handa mannum til að maðurinn skilji betur hvað það sé mikilvægt að verja náttúruna fyrir mannum. Úr þessu er orðin hin mesta flækja sem svo er notuð á ýmsan máta til að réttlæta stjórnlyndi og ýmsa duttlunga. Nauðsynlegt er að taka ærlega umræðu um hugtakið og skilgreina betur áður en það er gert að enn virkara vopni í höndum stjórnlyndra afla með stækkun þjóðgarða.

16.3. Hvað eru hefðbundnar nytjar ?

Túlkun á hefðbundnum nytjum eða orðinu „nýtingarréttarhafar“ hefur verið á reiki. Lagaleg túlkun er kannski á hreinu en í umræðu kringum þjóðgarða ber á mismunandi túlkun. Hvað telst til hefðbundinna nytja ? Landbúnaður, beit, veiðar, útivist ? Telst útivist til hefðbundinna nytja ? Var útivist innifalin í loforðum ráðamanna fyrir stofnun VJP um óbreyttar „hefðbundnar nytjar“ ? Ég hef heyrt mismunandi túlkun á þessu og fullyrðingar um að útivist teljist ekki til hefðbundinna nytja í lagalegum skilningi. Svo virðist sem fylgjendur þjóðgarða þiggi víðari skilgreininguna (jafnvel þó að hún kunni að byggja á misskilningi) í almennu tali til að fá stuðning en noti síðan þrengri skilgreininguna þegar á reynir. Þetta hefur valdið vandræðum í VJP og gengur ekki. Taka þarf ærlega og heiðarlega umræðu og hafa túlkun á þessu á

hreinu áður en stjórnlyndu fólki sem skreytir sig með hugtakinu „náttúruvernd“ verður fært meira vald gegnum þjóðgarða.

16.4. Lög eru óljós varðandi stækkun þjóðgarða.

Síðastliðið haust stækkaði umhverfisráðherra VJÞ á afrétti Bárðdælinga. Það var gert með þeim hætti að ég vil flokka það undir alvarlegan skandal og þörf er á ítarlegri greiningu á því sem gerðist þarna. Í hugum hagaðila og víða meðal almennings veldur þessi vafasami gjörningur **algjöru stoppi á stuðning við frekari þjóðgarðavæðingu** nema stækkunin verði dregin til baka og tryggt verði að svona atburðir verði ekki aftur.

15. Hver er upphafsstaðan ?

Mjög er á reiki hvernig fólk túlkar „upphaf“ á þjóðgarði og þetta hefur verið til vandræða í VJÞ. Sem dæmi má nefna að þjóðgarðsvörður í VJÞ sagði eitthvað á þessa leið: „nú erum við með þjóðgarð og þá byrjum við með ekkert og tínum inn það sem við viljum hafa í þjóðgarði“. Ég hef hvergi séð þessa túlkun á blaði eða samþykktum fyrir VJÞ, hvorki á undirbúningsstigum eða annars staðar. Þvert á móti, þá lofuðu stjórnáamenn sem töluðu fyrir stofnun þjóðgarðsins óbreyttri landnýtingu, hvað sem það þýðir nú í raun. Það myndi væntanlega þýða kortlagningu á því sem er og tína burt það sem við teljum ekki rétt að hafa í þjóðgarði. Þarna stangast andstæðar túlkningar á. Ég tel það hafa valdið vandræðum í VJÞ að svona grundvallaratriði í nálgun voru ekki á hreinu og þetta var síðan leyst á „átakavelli“ sem opinberaðist við gerð fyrstu stjórnunar og verndaráætlunarinnar. Ég tel nauðsynlegt að taka ærlega umræðu um þessa nálgun og hafa hana á hreinu áður en stjórnlyndu fólki sem skreytir sig með hugtakinu „náttúruvernd“ verður fært meira vald gegnum þjóðgarða. Rétt leiðin væri að kortleggja t.d. alla vegslóða á svæði sem fer undir þjóðgarð og velta upp í málefnalegu samtali hvort rétt sé vegna náttúruverndar eða tillitssemi við einhverja að loka viðkomandi ökuleið. Í raun hefur þetta verið gert þannig að birtur hefur verið listi yfir það sem á að verða opið í framtíðinni og þegar það kemur til umsagnar hjá almenningi þurfa allir að finna út sjálfir hvernig staðan var áður. Mér finnst þetta ekki heiðarleg nálgun gagnvart almenningi og þessu þarf að breyta.

16. Menningarminjar og vegslóðar.

Lítið er minnst á menningarminjar í regluverki kringum VJP. Algjör þögn er um menningarminjar sem felast í ferðum og ferðavenjum almennings í óbyggðum og verndun fáfarinna vegslóða sem menningarminja. Ég tel þetta stafa af undirliggjandi andúð þeirra sem helst skreyta sig með orðinu náttúruvernd á þeim sem ferðast um óbyggðir með aðstoð vélknúinna farartækja. Þetta er mjög rangt að mínu mati vegna þess að í okkar víðáttumikla og harðbýla landi er þetta eini raunhæfi möguleikinn fyrir flesta til að kynnast óbyggðum Íslands. Þessu þarf að breyta og festa þarf skyldu þjóðgarða til að sinna þessum anga í málefnum óbyggðanna þrátt fyrir framangreinda andúð sumra.

17. Opnun vega eftir vorlokanir

Við höfum stundum gagnrýnt að opnanir á vegum eftir vorlokanir hafi ekki verið í samræmi við aðstæður hverju sinni. Við bendum á að víðtæk samstaða er um vorlokanir en forsenda fyrir þeirri samstöðu er að lokanir standi ekki lengur yfir en þörf er á og tekið verði tillit til mismunandi aðstæðna eftir svæðum og árferði. Við teljum að talsverður misbrestur hafi verið á þessu, sérstaklega á svæðum norðan Vatnajökuls. Í kjölfarið á slíkum ábendingum frá mér á fyrirlestri í mars 2021 var mér kynnt nokkuð sem kallað var „flott ferli“ sem VJP hefði sett upp með Vegagerðinni og fleirum sem átti að tryggja að vel yrði að þessu staðið. Samhliða var farið kurteislega fram á að ég bæðist afsökunar á að hafa sært starfsfólk VJP með slíkri gagnrýni þar sem þetta væri nú komið í svo góðan farveg. Það var sjálfsagt mál af minni hálfu. En þegar svo kemur í ljós að ekkert virðist hafa verið farið eftir þessu „flotta“ ferlið vorið 2022 verður þetta svolítið skrítið. Ég tel fulla ástæðu til að kannað verði betur hvernig staðið hefur verið að þessum málum og tryggt verði að fylgni við ferli sem skipta almenning máli verði ekki svona valkvæð af hálfu þjóðgarðsins áður en farið verður í útvíkkun svona stofnana.

18. Gjaldtaka

Mikið hefur verið rætt um gjaldtöku innan VJP. Samfélagið í heild hefur ekki, hvorki þingheimur, almenningur eða félagasamtök, tekið ígrundaða afstöðu og sitt sýnist hverjum. Innan VJP hefur þetta verið leyst með því að láta þjóðgarðinn finna leiðir til að afla sértekna, taka má svo sterkt til orða að þjóðgarðurinn hafi verið sveltur til að afla sértekna. Þetta tel ég vera alranga nálgun og mikilvægt að mörkuð verði heildstæð stefna um fjármögnun þeirra stofnana sem falið er að hugsa um landið okkar.

Þetta hefur leitt til þess að atvinnustefnan sem hefur tekið svo langan tíma að koma á laggirnar snýst í seinni tíð mikið um að tryggja möguleika á gjaldtöku.

Við höfum haft þá afstöðu að gjaldtaka sé einungis réttlætanleg þegar þarf að mæta kostnaði við að taka á móti mörgum á sama stað. Gjaldtaka sé ekki réttlætanleg fyrir það eitt að fara inn á svæði eða skoða náttúruperlu. Framan af töldum við vera samstöðu um þetta viðhorf. Byrjað var að taka bílastæðagjöld en áður en við var litið var farið að kalla gjaldið svæðisgjöld. Margt í því sem komið hefur fram í umræðum á stjórnarfundum bendir til þess að vilji sé meðal stjórnenda VJP að „plokka“ gjöld af gestum og ferðabjónustuaðilum eins og mögulegt er til að mæta almennum rekstrarkostnaði og ég tel mjög varhugavert að láta slíkt viðgangast.

Við vitum ekki hvert þetta stefnir og í frumvarpinu um hálandisþjóðgarð mátti lesa möguleika á að taka gjald fyrir dvöl í þjóðgarði vegna þess að þar þarf landvörslu og þar með er kominn kostnaður sem má mæta með gjaldtöku. Ég tel nauðsynlegt að tekin verði ákvörðun um þessi málefni áður en lengra verður haldið í þjóðgarðavæðingu. Ótækt er að þessi málefni verði leyst með „villtvesturs“ fyrirkomulagi af fjársveltum stofnunum.

19. Aðkoma félagasamtaka

Í Vatnajökulspjóðgarði er lagt upp með algjöra ríkisvæðingu og ekkert svigrúm gefið í lögum eða reglugerð fyrir aðkomu félagasamtaka sem rekin eru af sjálfboðaliðum. Þessari stefnu hefur verið fylgt lengst af en þó hefur aðeins slaknað á stjórnendum varðandi aðkomu félagasamtaka og sjálfboðaliða síðustu misserin. Einn stjórnarformaður lýsti því yfir að sá tími kæmi að allir fjallaskálar innan þjóðgarðs yrðu komnir í eigu þjóðgarðsins eða úr sér gengnir og leyfi yrði ekki gefið fyrir endurbyggingu. Einn stjórnarmaður lýsti því yfir að ekki gangi að láta sjálfboðaliða í félagasamtökum sinna umsjón svæða. Það ætti að vera í höndum landvarða. Annað gengi ekki frekar en að láta aðra en kennara sinna rekstri grunnskóla. Ég varð meira var við svona viðhorf á fyrri

árum stjórnarsetu minnar. Svona viðhorf hafa ekki átt upp á pallborðið undanfarin misseri en ekkert í lögum um VJP útilokar að þau nái yfirhöndinni þegar þjóðgarðurinn hefur fest sig í sessi.

Við undirbúningsvinnu fyrir miðhálandisþjóðgarð bentum við á nauðsyn þess að þjóðin fengi að vera með og teldi sig eiga hlut í þjóðgörðunum. Við þessu var brugðist og í frumvarpinu um miðhálandisþjóðgarð var sú „ljósskíma“ að opnað var á aðkomu félagsamtaka í umsjón svæða eða rekstri á fjallaskálum innan þjóðgarðs. Ég tel að þetta þurfi að tryggja með lögum í öllum þjóðgörðum.

20. Þjóðgörðum fylgi ábyrgð

Í VJP hefur það valdið vandræðum að margir virðast hafa það viðhorf að í þjóðgörðum þurfi að gæta öryggis gesta. Þetta valdi því að vegir þurfi að vera „öruggir“ og fram hafa komið þau viðhorf að loka ætti vegum eða slóðum á stöðum sem ekki er hægt að tryggja öryggi. Ég er þessu algjörlega ósammála og tel að þarna sé verið að fara offari. Ef þjóðgarðavæðingu á að fylgja krafa um slíkt öryggi gesta að vegslóðar og vöð yfir ár verði örugg eða lokað að öðrum kosti, þá er réttast að sleppa þjóðgarðavæðingunni. Tryggja þarf að þessi viðhorf nái ekki fótfestu í þjóðgörðum, sérstaklega eftir að þeir byrja að „festa sig í sessi“. Við búum í víðfemu og harðbýlu landi. Það er ekki sjálfsgt mál að meðal almennings sé til staðar þekking, færni og farartæki til að ferðast á eigin vegum um hálendið, allt árið um kring. „Ofverndun“ í þjóðgörðum dregur úr þessari mikilvægu færni og alveg nauðsynlegt að búa svo um regluverk þjóðgarða að ofverndun ná ekki að búa um sig. Sumir ganga svo langt að kalla þetta „ræflavæðingu þjóðarinnar“

21. Hæfir ekki þjóðgarði

Á vettvangi stjórnar hefur frasinn „það hæfir ekki þjóðgarði“ verið notaður til að réttlæta íþyngjandi reglur. Nauðsynlegt er að búa svo um regluverkið að ekki verði hægt að gera þjóðgarða svo „fína og pena“ að það dragi úr möguleikum á að njóta hálendisins á sama hátt og áður. Takist það ekki er réttara að sleppa þjóðgarðavæðingunni.

22. Valkvæð þörf á rannsóknum og samráði.

Ég bendi á að of valkvætt er á hvaða sviðum er talið nauðsynlegt að rannsaka eða hafa samráð. Til dæmis var ekkert samráð haft við eigendur smábáta þegar ákveðið var að banna landtöku báta á fyrsta svæðinu sem VJP var stækkaður þannig að hann nær til sjávar. Einnig virðist ekki þurfa eins miklar rannsóknir þegar settar eru á íþyngjandi reglur á sama hátt og þegar létt er á slíkum hömlum. Ég get nefnt dæmi um slíka tilhneigingu.

Einnig má benda á að sífellt er klifað á því að „utanvegaakstur er mikið vandamál“. Engar rannsóknir eða skipulegar athuganir hafa þó verið gerðar á þessu ætlaða vandamáli eða umfangi þess. Samt leyfir fólk innan VJP að klifa á þessu. Mér virðist sem þessar fullyrðingar séu oft settar fram vegna þess að þær selja vel þegar farið er fram á aukin völd og fjármuni. Ég bendi á að akstur utan vega hefur líklega aldrei verið meiri á Íslandi heldur en einmitt nú. Og hann er mestallur löglegur. Lítið sér á landinu eftir allan þennan löglega akstur utan vega og það er umhugsunaratriði fyrir sig.

23. Misræmi í ákvæðum vegna aksturs utan vega.

Í lögum um náttúruvernd er sett fram bann við akstri utan vega og undanþágur frá því. Í lögum um VJP er sett fram bann við akstri utan vega og undanþágur frá því. Í reglugerð um VJP er sett fram bann við akstri utan vega og undanþágur frá því. Í Stjórnunar og verndaráætlun fyrir VJP er sett fram bann við akstri utan vega og undanþágur frá því.

Engar af þessum 4 reglum eru alveg samhljóma. Það veldur bæði ruglingi og réttaróvissu. Ég tel nægja að hafa þessi ákvæði í lögum um náttúruvernd. Þessi ruglandi framsetning með mismunandi skilmálum á mögum stöðum tel ég vera merki um það stjórnlyndi sem ríkir kringum þjóðgarða og ein af mörgum vísbendingum um að þjóðgarðaformið er ekki heppilegt fyrir skynsamlega verndun hálendisins.

24. Gögn varðandi löglegan akstur utan vega.

Í VJP eru miklar heimildir til að aka löglega utan vega. Ég hef engin merki séð um að haldið sé utan um slíkt. Fróðlegt væri að kannað verði hvernig þessu er háttað í raun og hvort það samræmist ákvæðum laga og reglugerða um skjölun. Þar má telja leyfisveitingar til vísindamanna, akstur björgunaraðila og akstur bænda við smölun.

25. Eftirmáli

Hér hefur verið tæpt á fjölmögum þáttum sem ég hef kynnst við setu mína í stjórn VJP. Öll eru þessi atriði sett fram eftir bestu vitund og samvisku. Þó er ekki útilokað að einhversstaðar bresti minni, misskilningur valdi athugasemd eða að mín upplifun sé önnur en annara. Komi fram ábendingar um slíkt mun ég að sjálfsögðu endurskoða slík atriðið í þessu skjali. Í mörgum atriðum tíni ég aðeins til einstök dæmi, í sumum tilvikum er hægt að leggja fram gögn um mun fleiri sambærileg.

Þegar svona viðamikil samantekt er skoðuð í heild tel ég augljóslega alveg glórulaust að stækka svona valdatól nema áður verði tekið á flestum eða öllum þeim annmörkum sem ég nefni hér á undan.

Raunveruleg staða er því þannig að ég fæ alltaf sting í hjartað þegar fólk lýsir því yfir að svo vel hafi tekist til í VJP að óhætt sé að stækka þjóðgarðinn án mikilla lagfæringa. Nóg hefur verið um slíkar yfirlýsingar undafarin misseri. Það veldur mér áhyggjum og knýr mig til að leggja þessa samantekt fram núna þegar verið er að skoða þessi málefni á heildstæðan hátt.